



Reykjavík, 16. mars 2026  
PON26020016

Borgarráð

***Afgreiðslubréf: Heimild til að fara í útboð á lausn fyrir rafrænar undirritanir***

Á fundi stafræns ráðs þann 11. mars 2026 var lögð fram heimildarbeiðni, dags. 24. febrúar 2026, m að fara í útboð á lausn fyrir rafrænar undirritanir sbr. 3. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Lagt var til að stafrænt ráð samþykkti verkefnið og að það yrði skilgreint í fyrsta forgangi. Tillagan var samþykkt.

Óskað er eftir samþykki borgarráðs.

F.h. stafræns ráðs,

Sólveig Skaftadóttir,  
starfsmaður stafræns ráðs



**Reykjavík**



Reykjavík, 24. febrúar 2026  
PON26020016

**Efni: Heimild til að fara í útboð á lausn fyrir rafrænar undirritanir**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að fara í útboð á lausn fyrir rafrænar undirritanir. Óskað er eftir verkefnastjóra til að leiða útboð og val á lausn. Jafnframt er óskað eftir fjármagni til að skipta um lausn í vefþjónustum ef önnur lausn en nú er í notkun hjá Reykjavíkurborg verður fyrir valinu í kjölfar útboðs.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá mars 2026 til mars 2027 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 25 m.kr. úr eignasjóði.

Af heildarkostnaði er áætlað að 15 m.kr. verði aðkeypt þjónusta sem keypt er af núverandi þjónustuaðilum auk stofnkostnaðar ef önnur lausn verður valin í kjölfar útboðs.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,  
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



**Reykjavík**



Reykjavík, 24. febrúar 2026  
PON26020016

### **Greinargerð fyrir verkefnið:**

Lausn fyrir rafrænar undirritanir var upphaflega tekin í notkun í kjölfar léttar útboðsleiðar árið 2020 (sérreglur VIII kafla laga nr. 120/2016 um opinber innkaup, „léttu leiðin“). Samningur hefur verið í gildi frá árinu 2020 og var endurnýjaður í mars 2023 til þriggja ára. Samningurinn rennur út í mars 2026. Áfallinn kostnaður hingað til hefur verið innan útboðsmarka skv. léttu leiðinni en svigrúm til frekari kaupa er takmarkað m.t.t. til laga um opinber innkaup. Auk þess hafa áskoranir við núverandi lausn leitt til áhuga á að skoða aðrar lausnir sem betur uppfylla þarfir Reykjavíkurborgar og stuðla þar með að fækkun birgja.

Undirritunarlausnin er tengd með vefþjónustum við starfsmannagátt Reykjavíkurborgar og er jafnframt samþætt við nokkur lykilkervi Reykjavíkurborgar s.s. Hlöðuna, Ráðnýju og Mínar síður.

Rekstrarkostnaður núverandi lausnar hefur aukist með viðbótum í gegnum árin og aukinni notkun. Markmið verkefnisins er að ná fram hagstæðari kjörum fyrir Reykjavíkurborg, draga úr kostnaði við undirritun og rekstur, fá lausn sem uppfyllir sem næst allar þarfir borgarinnar og er auðvelt að samþætta við önnur kerfi með vefþjónustum. Samhliða verkefninu verður farið í að skerpa á verklagi í kringum rafrænar undirritanir, bæta fræðslu og leiðbeiningar sem mun spara tíma starfsfólks enn frekar í meðhöndlun, umsýslu og vistun skjala.

Rafrænar undirritanir eru mikilvægur innviður í stafrænni stjórnsýslu og styðja við þá framtíðarsýn sem Reykjavíkurborg hefur sett sér í þjónustu og sjálfbærni. Rafrænar undirritanir eru hluti af heildstæðri stafrænni þjónustukeðju og stuðningur við sjálfsagreiðslu í stafrænum lausnum og styðja því við markmið þjónustustefnu. Notkun rafrænna undirritana dregur verulega úr pappírnotkun, dregur úr ferðum með gögn á milli staða og minnkar þar með kolefnisspor og styður þannig við markmið Græna plansins.

Helsti ábati verkefnisins er að Reykjavíkurborg mun uppfylla innkaupareglur, minnka kostnað og rekstur í kringum rafrænar undirritanir, fækka birgjum og stuðla að skýrara verklagi í kringum undirritanir. Auk þess er ábati í minni umhverfisáhrifum, tímasparnaði borgarbúa og starfsfólks, minni pappírnotkun og minni prentkostnaði.

Með heimild frá innkaupaskrifstofu verður gerður tímabundinn samningur til eins árs við núverandi birgja sem tekur gildi í mars 2026 til að tryggja samfellu í þjónustu á meðan á útboðsferli stendur. Í kjölfarið fari fram þarfagreining og kröfulýsing, útboð, mat og val á lausn ásamt innleiðingu. Stefnt er að því að ný lausn eða nýr samningur verði kominn í gildi fyrir mars 2027.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 25 m.kr. Áætlaður tími verkefnisins er eitt ár. Kostnaður skiptist í verkefnastjóra í 60% í 7 mánuði og 50% í 5 mánuði á 10 m. kr. Auk þess er áætlaður kostnaður upp á 15 m.kr. í aðkeypta þjónustu verði önnur lausn en valin í kjölfar útboðs. Þessi kostnaður fellur niður verði núverandi lausn fyrir valinu í kjölfar útboðs. Kostnaðarstaður: Áhöld, tæki og hugbúnaður PON, verkefnaklasi 80001.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur ekki enn fyrir.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Þróstur Sigurðsson  
skrifstofustjóri





**Viðtakandi:** Stafrænt ráð

**Sendandi:** Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

**Fylgiskjöl:**

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Frumkostnaðaráætlun/umfangsmat

Reykjavík, (03.03.2026)

Verkefnaráðsfundur: 12.02.2026

### **Rafrænar undirritanir**

---

#### **Samantekt:**

Samningur við núverandi undirritunarlausn, Dokobit, rennur út í mars og ljóst er að núverandi lausn uppfyllir ekki að fullu helstu þarfir borgarinnar. Lausnin hefur orðið fremur flókin í rekstri, byggir á þjónustu frá mögum birgjum og kostnaður hefur hækkað umfram áætlanir með aukinni notkun. Til að tryggja hagkvæmni, betri samþættingu og skýrara hlutverk undirritunarferla þarf að skoða aðrar lausnir sem geta betur mætt þörfum borgarinnar. Markmiðið er að ná betra verði, skilvirkari rekstri og tryggja að undirritunarlausnin verði framtíðarhæf og studdi við sjálfvirkari og áreiðanlegri ferla.

**Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun:** 25 m.kr.

**Áætlun timalengd verkefnis:** 1 ár

**Skor í Fylki frá verkefnaráði PON:** 4,33

#### Ábati 33%: 3

Felst í tímasparnaði starfsfólks og borgarbúa með skýrara verklagi. Markmið verkefnisins er einnig að ná niður kostnaði við rekstur kerfisins.

#### Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækninnviði og gagnahögun 33%: 5

Verkefnið hefur jákvæð áhrif bæði fyrir starfsmenn og íbúa jafnframt sem það stuðlar að sjálfvirknivæðingu og gagnadrifinni ákvarðanatöku með nýju kerfi og skýrari ferlum.

#### Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 5

Mikilvægt er að vera með góða undirritunarlausn sem einfaldar ferla og bætir þjónustu bæði fyrir starfsfólk og íbúa Reykjavíkurborgar

Lagalegar kröfur – Nei

Virðingarfyllst,

Verkefnaráð  
Þjónustu og nýsköpunarsvið



**Reykjavík**



# Rafrænar undirritanir - útboð

## Þarfagreining

Rafrænar undirritanir voru innleiddar árið 2020, samningur gerður í kjölfar léttrar útboðsleiðar. Lausnin er tengd með vefþjónustum við starfsmannagátt Reykjavíkurborgar og er jafnframt samþætt við nokkur lykilverfi s.s. Hlöðuna, Ráðnýju og Mínar síður.

Undirritunarlausn þarf að bjóða upp á öflugar vefþjónustur sem hægt er að samþætta við kerfi Reykjavíkurborgar.

## Áskorun

- Samningur við birgja að renna út, lítið svigrúm innan innkaupareglna að framlengja
- Núverandi lausn leysir ekki allar þarfir – margir birgjar
- Rekstrarkostnaður hefur aukist með viðbótum og aukinni notkun

## Markmið

- Uppfylla innkaupareglur
- Að fá hagstæðari verð, að lækka kostnað við undirritun og rekstur
- Að fá undirritunarlausn sem uppfyllir þarfir og getur tengst við aðrar lausnir
- Fækka birgjum og einfalda rekstur
- Skýrara verklag og leiðbeiningar

Verkefnastjóri heldur utan um útboðsferlið og innleiðingu.

## Áætlaður ávinningur (ábatamat)

Rafrænar undirritanir eru mikilvægur innviður í stafrænni stjórnsýslu og stafrænni þjónustu.

- Uppfylla innkaupareglur
- Lækka rekstrarkostnað
- Minni pappírshotkun, minni prentkostnaður
- Tímasparnaður borgarbúa og starfsfólks
- Minna kolefnisspor, minni umhverfisáhrif

## Tímalína

mars 2026 – mars 2027

## Kostnaður

Heildarkostnaður 10-25 m. kr.  
Eignasjóður 10-25 m. kr.

## Innkaup


- Samkvæmt innkaupareglum Reykjavíkurborgar
- Útboð



# Rafrænar undirritanir

Kynning fyrir verkefnaráð 12. febrúar 2026


Kristjana Nanna Jónsdóttir vörustjóri





# Í hnotskurn

- Lausn fyrir rafrænar undirritanir fóru í "Léttu leiðina" samkvæmt lögum um opinber innkaup.
- Samningur við Dokobit í gildi síðan 2020, endurnýjaður í mars 2023 til þriggja ára, rennur út í mars 2026
- Upphæðir skv. léttu leiðinni á fjögurra ára tímabili (2022-2025) eru innan heimilda en lítið svigrúm til að fjárfesta mikið meira
- Áskoranir eru við Dokobit lausn og áhugi á að skoða aðrar lausnir sem leysa þarfir Reykjavíkurborgar og fækka birgjum







# Ákvörðun verkefnaráðs

Óskað er eftir verkefnastjóra til að leiða útboð og val á lausn fyrir lausn fyrir rafrænar undirritanir hjá Reykjavíkurborg og fjármagni við að skipta um undirritunarlausn ef önnur lausn en Dokobit verður fyrir valinu í kjölfar útboðs

Óskað er eftir 25 milljónum króna





# Áskorun

## Núverandi staða

- Samningur við Dokobit að renna út, lítið svigrúm til framlengingar
- Núverandi lausn leysir ekki allar þarfir – margir birgjar
- Rekstrarkostnaður hefur aukist með viðbótum og aukinni notkun

## Markmið

- Að fá hagstæðari verð, ná niður kostnaði við undirritun og rekstur
- Að fá undirritunarlausn sem uppfyllir þarfir og getur tengst við aðrar lausnir
- Skýrt hvert hlutverk lausnar er og hvaða þarfir hún á að leysa – fækka birgjum

## Lausn

- Undirritunarlausn sem býður upp á öflugar vefþjónustur sem hægt er að samþætta við kerfi Reykjavíkurborgar




# Staðan í dag - Dokobit

- Fjórar þjónustur
  - Þrjár vefþjónustur
  - Dokobit Portal
- Áskriftarpakkar fyrir notendur og fjölda undirritana – fast mánaðargjald
- Samþætting við Hlöðu, Ráðnýju og Mínar síður
- Örugg skjalasending á gattin.reykjavik.is
- Rafræn innsigli byggingarfulltrúa í Dokobit Portal
- UTR rukkar fyrir notkun skv. mælaborði – en þar vantar notkun í Dokobit Portal og öruggar skjalasendingar. ÞON hefur því ekki fengið fullar greiðslur á móti kostnaði síðustu ár.





Þróun rafrænna undirritana 2022 - 2025





# Tímalína

## ✓ Nýr samningur við Dokobit til eins árs (mars 2026)

- Með heimild frá innkaupaskrifstofu
- Tryggir samfellu í þjónustu

## • Þarfagreining & kröfulýsing (2 mánuðir)

- Skilgreining á kröfum til lausnar
- Þarfir sviða og notenda

## • Yfirferð innkaupaskrifstofu (2 - 4 vikur)

## • Útboð auglýst (1 mánuður)

## • Mat & val á lausn (2 - 3 mánuðir)

- Tæknilegt og fjárhagslegt mat

## • Innleiðing (1–3 mánuðir)

- Ef valin er ný lausn 3 mánuðir (útskipti á vefþjónustum)
- Ef sama lausn áfram 1 mánuður

## ✓ Nýr samningur/lausn fyrir mars 2027





# Umfangsmat



- Kostnaður verkefnis er um 25 m. kr og tími er áætlaður 1 ár

## Kostnaður mannauðs

**Á fjárfestingu: 10,05 m.kr.**

- Verkefnastjóri
  - 60% í 7 mánuði
  - 50% í 5 mánuði

### Á rekstri:

- vörustjóri
- upplýsingatæknihönnuður
- lögfræðingur
- upplýsinga- og skjalastýring
- innkaupaskrifstofa

## Aðkeypt þjónusta

**Heild: kr. 15 m.kr.**

Ef valin er önnur lausn en Dokobit fellur til stofnkostnaður og kostnaður við að skipta út vefþjónustum.

Aðkeypt þjónusta:

Advania: 10,5 m.kr.

Hugvit: 1,5 m.kr.

Til birgja:

- Stofnkostnaður 3 m.kr.

## Rekstrarkostnaður

**Mánaðarlegur rekstrarkostnaður: 2,6 m.kr.**

Núverandi lausn er í rekstri og rukkuð í gegnum gjaldskrá upplýsingatæknisviðs og verður það áfram.



# Ábatamat

## Ómælanlegt og mælanlegt miðað við 1 árs tímabil



### Mælanlegur ábati við rafrænar undirritanir

- Umhverfisáhrif 276.687 km
- Tímasparnaður borgarbúa 1537 klst.
- Tímasparnaður starfsmanna 2.561 klst.
- Samdráttur á prenti: 230.572 bls. eða kr.1.623.226

### Ómælanlegur ábati

- Uppfylla innkaupareglur Reykjavíkurborgar
- Koma í veg fyrir athugasemdir frá samkeppnisaðilum á markaði
- Jákvæðara viðhorf notenda ef lausn er að uppfylla allar þarfir
- Einfaldari rekstur
- Fækka birgjum
- Skýrara verklag og minni óvissa um hvað þarf að undirrita og hvað ekki

### Samantekt á heildarávinningi/niðurstaða


Markmið verkefnis að fá hagstæðari verð á undirritunum, ná niður kostnaði við rekstur og bæta fræðslu og verklag. Skýrara verklag og leiðbeiningar um einfaldari undirritunarferli í gegnum viðeigandi kerfi mun spara tíma starfsmanna enn frekar í meðhöndlun, umsýslu og vistun skjala.

Allt þetta skilar ábata fyrir Reykjavíkurborg til lengri tíma litið.



# Hvað er búið að gera

- Rýni á núverandi kostnaði og fyrirkomulagi - samtöl við UTR, notendur og birgja
- Gróf rýni á hvernig skjöl er verið að undirrita – augljós tækifæri til hagræðingar fyrir sviðin og ekki er verið að nýta viðeigandi lausnir t.d. þjónustugátt launaskrifstofu.
- Setja á dagskrá 2026 hjá upplýsinga- og skjalastýringu að gefa út viðmið um hvað á að undirrita með fullgildri löglegri undirritun sem part af leiðbeiningum í meðferð skjala
- Byrja að safna saman þörfum og notendatilvikum







# Næstu skref

- Skilgreina markmið lausnar – bara undirritunarlausn eða á að leysa fleiri þarfir?
- Greining og rýni í hillulausnir
- Undirbúa nýjar leiðbeiningar og fræðslu






# Ákvörðun verkefnaráðs

Óskað er eftir verkefnastjóra til að leiða útboð og val á lausn fyrir lausn fyrir rafrænar undirritanir hjá Reykjavíkurborg og fjármagni við að skipta um undirritunarlausn ef önnur lausn en Dokobit verður fyrir valinu í kjölfar útboðs

Óskað er eftir 25 milljónum króna





Reykjavík



# Umfangsmat



- Kostnaður verkefnis er um 25 m. kr og tími er áætlaður 1 ár

## Kostnaður mannauðs

**Á fjárfestingu: 10,05 m.kr.**

- Verkefnastjóri
  - 60% í 7 mánuði
  - 50% í 5 mánuði

### Á rekstri:

- vörustjóri
- upplýsingatæknihönnuður
- lögfræðingur
- upplýsinga- og skjalastýring
- innkaupaskrifstofa

## Aðkeypt þjónusta

**Heild: kr. 15 m.kr.**

Ef valin er önnur lausn en Dokobit fellur til stofnkostnaður og kostnaður við að skipta út vefþjónustum.

Aðkeypt þjónusta:

Advania: 10,5 m.kr.

Hugvit: 1,5 m.kr.

Til birgja:

- Stofnkostnaður 3 m.kr.

## Rekstrarkostnaður

**Mánaðarlegur rekstrarkostnaður: 2,6 m.kr.**

Núverandi lausn er í rekstri og rukkuð í gegnum gjaldskrá upplýsingatæknisviðs og verður það áfram.